SVÆÐI AKUSTURÍÞRÓTTAFÉLAGS HAFNARFJARÐAR VIÐ KRÍSUVÍKURVEG

Greinagerð

Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar hefur til umráða um 8 ha svæði við Krísuvíkurveg sem það leigir af Skógrækt ríkisins. Á svæðinu er akstursbraut félagsins. Hefur hún manna á meðal gengið undir nafninu Rallýkrossbrautin og hefur verið nýtt af fjórum mismunandi deildum félagsins. Fyrir utan þessa akstursbraut er á svæðinu Mótokrossbraut sem er mun styttri og umfangsminni en akstursbrautin og en styttri þrautabraut (Trial-braut) sem torfæruhjól nýta. Deildir félagsins eru Driftdeild, Vélhjóladeild, Gókartdeild og Rallýkrossdeild. Til stendur að setja á stofn fimmtu deildina, Kappakstursdeild innan félagsins sem mun hafa brautarakstur bifreiða á stefnuskrá sinni. Torfæruhjólabrautirnar tvær verða færðar norður fyrir akstursbrautina. Við byggingu brautarsvæðisins verður fylgt alþjóðlegum öryggisreglum frá Alþjóða aksturssamböndunum FIA og FIM.

Akstursbrautin

Skipulagið gerir ráð fyrir að akstursbrautin verði lengd til norðvesturs inn á svæði sem á aðalskipulagi Hafnarfjarðar er merkt fyrir efnistöku/efnislosun. Hraunið á þessu svæði hefur verið gróðjafnað og er því ekki verið að raska óspilltu hrauni með stækkuninni. Í fullri lengd verður brautin 2600 m en henni verður hægt að skipta í tvennt og aka núverandi braut eða nýja hlutann, og þannig geta mismunandi deildir æft samtímis. Í tvennu lagi er hún 650 og 1780 metra löng. Þegar eldri hlutinn er ekninn af rallýkrossbílum og farnar "malarslaufur" meðfram honum er sá hringur 850 metra langur. Verður nýja brautin að jafnaði 12 m breið en 16 m breið við rásmark. Öryggissvæði verða meðfram allri brautinni, við beygjur verða þau allt að 24 metra breið eftir lengstu beinu kaflana.

Byggingar

Byggingar á svæðinu munu hýsa stjórnstöð, skrifstofur, fundarsal, tækjageymslur og salerni. Þær verða staðsettar við "Pitt"-svæðið. Frárennsli frá salernum skal vera í samræmi við gildandi reglur og staðla.

Viðgerðarsvæði.

Undirlag á viðgerðarsvæði er malbik eða steypa en engar viðgerðir sem sem eru líklegar til að valda olíumengun eða einhverju í þeim dúr eru leyfðar á þessu svæði þó að nafnið gefi annað til kynna. Einungis verða leyfðar smáviðgerðir í kringum keppnir og undirbúningur ökutækja fyrir keppnir.

Áhorfendasvæði

Gert er ráð fyrir að áhorfendafjöldi á keppnum geti verið allt að 200 manns og gert er ráð fyrir bílastæðum, snyrtingum og áhorfendasvæðum fyrir þann fjölda.

Stígar

Stígar verða lagðir gegnum hraunið frá bílastæðum að áhorfendasvæði og viðgerðarsvæði. Staðsetning stíga á korti er leiðbeinandi en taka skal mið að aðstæðum í hrauninu þegar þeir verða lagðir.

Bifreiðastæði

Gert er ráð fyrir bifreiðastæðum á röskuðu hrauni í hraunbolla milli krísuvíkurvegar og nýs hluta akstursbrautarinnar

Umhverfisáhrif.

Lagning brautarinnar er svo til eineingöngu á röskuðu undirlagi þar sem mikil efnistaka hefur verið framkvæmd síðastliðinn ár. Brautarsvæðið verður nánast allt felt inní landslagið og eru viðræður í gangi við Skógrækt ríkisins um skógrækt á svæðinu með aðstoð og forgöngu þeirra. Sjá nánar eigin umhverfiskýrslu hér til hliðar.

Mengun.

Gert er ráð fyrir hljóðmönum við vissa kafla brautarinnar. Einnig eru öll keppnistæki háð hljóðmælingu fyrir keppnir og æfingar. Keppnistæki skulu uppfylla þau lög og reglur sem í gildi eru hverju sinni varðandi útblástur og mengun. Ekki er leyft að stunda meiriháttar viðgerðir á svæðinu.

Öryggisgirðing

Til að tryggja öryggi á svæðinu og koma í veg fyrir að óviðkomandi villist óvíljandi inn á akbrautir verður það girt öryggisgirðingu í lóðamörkum. Einnig kemur girðing milli brautarsvæðisins annarsvegar og bílastæða og torfærumótorhjólasvæðis hinsvegar.

Umhverfiskýrsla vegna svæðis Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar við Krísuvíkurveg

1 Inngangur

Hér verða metin umhverfisáhrif af deiliskipulagi vegna stækkunar svæðis Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar við Krísuvíkurveg í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.
Svæðið sem um er að ræða er um 30 hektarar og er rétt milli Hrauntungna og Krísuvíkurvegar, um 2 km norðan gatnamóta Bláfjallaleiðar (vegur 417) og Krísuvíkurvegar (vegur 42). Þar er fyrir 650 m löng malbikuð keppnisbraut á um 8 hektara svæði sem hefur síðustu ár verið notuð af Akstursíþróttafélagi Hafnarfjarðar undir starfsemi sína. Hefur hún manna á meðal gengið undir nafninu Rallýkrossbrautin en meðfram henni eru nokkrir malarkaflar sem notaðir eru af rallýkrossbílum. Fyrir utan þessa akstursbraut er á svæðinu Mótokrossbraut sem er mun styttri og umfangsminni en akstursbrautin og en styttri þrautabraut (Trial-braut) sem torfæruhjól nýta. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að þessar tvær brautir verði færðar til norðurs.
Framkvæmdir við akstursbrautir eru tilkynningarskyldar til Skipulagsstofnunnar skv. lögum nr. 106/2000 sem úrskurðar hvort fara skuli fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Mynd 1 Núverandi akstursbraut. Stækkunin er fyrirhuguð á dökka svæðinu efst til hægri á myndinni

2 Helstu stefnumið og tengsl við aðra áætlanagerð

Tilgangur skýrslunnar er að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmd deiliskipulagsins og dregið úr neikvæðum áhrifum þess á umhverfið.
Markmið með deiliskipulagstillögunni eru þessi:

- Bæta aðstöðu til hraðakeppna í ýmsum akstursgreinum. Slíka aðstöðu vantar nær alveg hérlendis og er núverandi braut eina aðstaðan sem er til staðar en er of stutt til að nýtast sem skyldi.
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi með því að færa hraðakstur af götum á þar tilgert svæði.
- Færa utanvegaakstur vélhjóla inn á þar tilgert svæði.
- Útbúa svæði sem nýtist til ökukennslu.

Áætlunin tengist aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, sérstaklega þeim markmiðum sem þar koma fram og eru tíunduð í kafla 5. hér fyrir neðan. Einnig tengist hún deiliskipulagi nágrannasvæða og má þar helst nefna deiliskipulag fyrir „Aksturs og skotsvæði í Kapelluhrauni“ frá 2008 þar sem umhverfi Kvartmílubrautarinnar vestan Álfhellu, sem er skipulagt fyrir ýmsar akstursíþróttir og skotæfingasvæði.

3 Umhverfisþættir sem skipulagið snertir óverulega

Svæðið er nærri jaðri Kapelluhrauns sem talið er að hafi runnið 1151 (1) Kapelluhraun er úfið ógreiðfært Apalhraun en bæði núverandi braut og fyrirhuguð stækkun eru í lægðum í því. Núverandi braut samanstendur af 650 m löngum malbikuðum hring sem er 6-12 metra breiður.
Fyrirhuguð stækkun á brautinni er á svæði sem hefur verið nýtt sem geymslupláss af verktökum frá Hafnarfirði. Hafa þeir grófjafnað nær allt svæðið og má því segja að um „spillt“ eða raskað hraun sé að ræða sem hafi ekki varðveislugildi. Það er merkt "Svæði fyrir efnistöku/efnilosun í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Brautarsvæðið liggur að mestu í lægð í hrauninu og fellur þar með inn í landslagið. Hugmyndin er að skógrækt ríkisins aðstoði og hafi forgöngu um skógrækt á svæðinu.
Í Kapelluhrauni er nokkuð um menningarminjar en ekki er um ræða menningarminjar eða formminjar innan deiliskipulagssvæðisins.
Þeir umhverfisþættir sem líklegt er að framkvæmdin við gerð og notkun svæðisins snerti óverulega eru: gróður, dýralíf, grunnvatn, jarðvegur (hraun).
Ekki er mikill gróður á svæðinu nema svæðið umhverfis eldri hluta brautarinnar sem ræktuð hefur verið lúpína. Þó er eitthvað um mosa og stöku runna á svæðum utan fyrirhugaðs brautasvæðis þar sem hraunið er óraskað.
Dýralíf var ekki kannað sérstaklega við gerð þessarar skýrslu en það var skoða af starfsmanni Líffræðistofnunnar Háskóla Íslands vegna grjótnáms í Hamranesi og Kapelluhrauni. Þar kemur fram að fuglar sækja lítið í Kapelluhraun, hvort sem er til fæðuleitar eða varps. Lítið er um annað dýralíf en líklegt er að eitthvað sé um mýs og jafnvel rottur og mink. Þar fyrir utan er smádýralíf í jarðvegi og gróðri. Þar sem lítið er af gróðri gróður í fyrirhuguðu brautastæði má segja að dýralíf stafi ekki ógn af skipulaginu.
Einungis verða leyfðar smáviðgerðir eins og undirbúningur ökutækja fyrir keppni á viðgerðarsvæðinu. Engar viðgerðir sem geta valdið mengun af völdum olíu eða annarra spilliefna verða leyfðar, þó að nafnið gefi annað til kynna. Undirlag á viðgerðasvæði verður malbikað og fylgt verður alþjóða keppnisreglum sem eru með ströngum ákvæðum um mengun á keppnissvæðum. Í ljósi þessa má segja að grunnvatni stafi ekki ógn af skipulaginu.
Hér fyrir ofan hefur komið fram að brautastæðið er að mestu á spilltu hrauni og því má segja að hrauni á svæðinu stafi ekki ógn af skipulaginu. Keppnistæki skulu uppfylla þau lög og reglur sem í gildi eru hverju sinni varðandi útblástur og mengun. Því ekki líklegt að umhverfinu stafi ógn af mengun frá þeim.

Þau verulegu umhverfisáhrif sem starfsemi af þessum toga gæti valdið er því hljóðmengun sem verður fjallað nánar um í næsta kafla.

4 Helstu verulegu umhverfisáhrif

Þau verulegu umhverfisáhrif sem starfsemi af þessum toga gæti valdið er hljóðmengun.
Gert er ráð fyrir hljóðmönum við vissa kafla brautarinnar. Brautin er staðsett í lægð sem opnast til norðurs. Þar eru hljóðmanir staðsettar á deiliskipulagsuppdrættinum. Gert er ráð fyrir að þær megi jafnframt nýt sem hluta af öryggissvæði og verði græddar upp þannig að sjónmengun af þeim verði óveruleg.
Öll keppnistæki eru háð hljóðmælingu fyrir keppnir og æfingar samkvæmt stöðlum viðkomandi alþjóðlegra akstursíþróttasambanda.
Einnig má geta þess að ekki hefur verið kvartað yfir hávaða eða annarri mengun frá núverandi braut sem hefur verið í notkun frá árinu 1991 og hefur félagið leitast við að vera í góðri samvinnu við bæði heilbrigðiseftirlitið og Hafnarfjarðarbæ. Þeir sem líklegastir eru til að verða fyrir ónæði af brautinni er útvistarfólk, þar með talið golfiðkendur á fyrirhuguðum golfvelli handan Krísuvíkurvegar og þeir sem starfa í fyrirhuguðu athafnasvæði norðan brautarinnar.

5 Umhverfisþjónarmið og umhverfisverndarmarkmið

Við gerð áætlanarinnar var farið yfir helstu lög og reglur sem setta hafa verið varðandi umhverfissjónarmið og umhverfisvernd.
Stefnumið í aðalskipulagi Hafnarfjarðar eru eftirtalin:

- Viðhalda skal tengslum við sögu og menningararf með verndunaráætlun fyrir mannvirki og fornminjar.
- Markvisst skal unnið að því að að viðhalda gæðum náttúru og umhverfis og skapa íbúum heilnæmt, öruggt og gott búsetuumhverfi.
- Styrkja skal aðgengi að upplandi bæjarins, útivistarsvæðum og náttúru án þess að gengið sé á gæði lands og óspillta náttúru
- Hafa skal sjálfbæra þróun á anda staðardagskrár Hafnarfjarðar að leiðarljósi við skipulag byggðar
- Vernda ber óspillta náttúru og vinna verndaraætlanir í þeim tilgangi

Á skipulagssvæðinu eru ekki formminjar eins og fjallað var um hér fyrir ofan. Fyrirhuguð braut er lögð lágt í landslagið og á spilltu hrauni sem vinnur að því að draga úr áhrifum hennar á náttúru og umhverfi. Hún gengur þar með ekki á gæði lands né óspillta náttúru heldur stuðlar að verndun hennar.

6 Helstu raunhæfu valkostir

- **Að gera ekkert**
  Akstursíþróttafélag Hafnarfjarðar hefur verið leiðandi í svokölluðum hraðaíþróttum vélknúinna ökutækja hérlendis. Félagar eru búsettir langt utan Hafnarfjarðar og jafnvel tugi kílómetra utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta sýnir hversu stóru félagslegu hlutverk félagið gegnir. Fullyrða má að starf þess sé mikilvægur hlekkur í að minnka hraðakstur á götum borga og bæja. Því er aðgerðaleysi í uppbyggingu aðstöðu ekki góður kostur.
- **Að byggja upp aðstöðu inna svæðis Kvartmiluklúbbsins sem þegar hefur verið skipulagt**
  Þegar farið var af stað með gerð deiliskipulags á svæðinu umhverfis Kvartmiluklúbbinn og Skotfélag Hafnarfjarðar var gert ráð fyrir að þar yrði akstursbraut. Þegar upp var staðið var það stór hluti svæðisins friðaður að ekki var nægjanlegt olnbogarými fyrir braut eins og hér er lögð til að verði byggð, einkum vegna öryggissvæða umhverfis brautina. Því er sú staðsetning ekki góður valkostur.
- **Stækkun núverandi rallíkrossbrautar**
  Þessi kostur er hagkvæmur þar sem ekki þarf að byggja heila nýja braut, hann er góður út frá náttúruverndarsjónarmiðum þar sem mestöll brautin verður á röskuðu hrauni og hann samræmist stefnuviðmiðum í aðalskipulagi Hafnarfjarðar. Mestur hluti tengingarinnar er á röskuðu hrauni en ekki verður komist hjá að lítill hluti hennar sé á röskuðu hraun. Sá hluti sem fer að litlum hluta um óraskað hraun er tengingin milli nýs brautarhluta og eldri brautar. En kostirnir við að að gera þessa framkvæmd með þessu móti og þessi staðsetning í lægð og á röskuðu landi vega svo þungt að þetta skiptir litlu máli í hinu stóra samhengi.

7 Aðgerðir sem vega á móti neikvæðum umhverfisáhrifum

Til að vega á móti neikvæðum umhverfisáhrifum verður þess gætt að undirbúningur ökutækja fyrir keppni fari ávalt fram á malbikuðu undirlagi svo unnt verði að hreinsa öll efni sem kunna að sullast niður. Gerðar verða hljóðmanir eftir þörfum þar sem þeirra þarf með.

8 Ástæður valsins

Sá kostur sem varða fyrir valinu er afar raunhæfur. Hann er hagkvæmur þar sem eldri braut félagsins nýtist áfram. Líklegt að félagið nái að framkvæma uppbyggingu svæðisins á næstu árum sé tekið mið af fjárhag félagsins og áætlunum. Í ljósi reynslunnar er ekki líklegt að þessi staðsetning valdi deilum. Hér hefur verið rakin helstu rök fyrir valinu á þessari staðsetningu og hvaða upplýsinga var aflað. Matið fór þannig fram að helstu innlendu sérfræðingum um akstursíþróttir fengu sérfræðinga í umhverfismálum sér til aðstoðar. Notuðu þeir þær upplýsingar um svæðið sem liggja fyrir er talið að hvorki hafi skort upplýsingar eða þekkingu.

9 Vöktun

Ekki er talin ástæða að vakta aðra þætti en hljóð frá brautinni. Eitt ef hlutverkum heilbrigðiseftirlits Hafnafjarðar og Kópvogssvæðis er að vakta hávaða í þæjunum. Því má segja að þessi umhverfisþáttur sé nú þegar í ákveðnum farvegi.

Heimildir:

1) Krýsuvíkureldar II - Kapelluhraun og gátan um aldur Hellnahrauns - Sigmundur Einarsson, Haukur Jóhannesson og Árný Erla Sveinbjörnsdóttir - Jökull nr. 41, 1991



HLUTI AF AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR



KORT AF SVÆÐI, KVARÐI 1:2000



STAÐSETNING Á KORTI, KVARÐI 1:50.000



SVÆÐI SÝNT Á LOFTMYND, KVARÐI 1:10000

SKÝRINGAR:

- STAÐSETNING Á AÐALSKIPULAGI
- MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- LÓÐAMÖRK
- AKSTURSBRAUT
- "SLAUFA" FYRIR GOKARTBRAUT
- "SLAUFUR" FYRIR RALLÝKROSSBRAUT
- ÖRYGGISSVÆÐI
- GÖNGUSTÍGUR
- GIRÐING
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- BYGGINGARREITUR
- HLJÓÐMÖN

Deiliskipulag þetta sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í

_____

þann _____ 20__ og í

_____

þann _____ 20__. Tillagan var auglýst frá _____

20__ með athugasemdafresti til _____ 20__.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild

Stjórnartíðinda þann _____ 20__.

_____

TEIKNING.IS
arkitektúr og umhverfi
Bæjarlind 14-16, 110 Reykjavík
gsm: 824 4555 / 864 2282

DEILISKIPULAG
SVÆÐI AÍH VIÐ KRÍSUVÍKURVEG
Gunnlaugur Jónasson kt. 090462 2299
Gunnar Bergmann kt. 250864 4859
netfang: gunnlaugur@teikning.is